



# Samstarf utanríkisráðuneytisins við háskóla og fræðasamfélagið

Mótandi úttekt

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands



**Útgefandi:**

Útanríkisráðuneytið, innri málefni og eftirlit

Desember 2023

uttektir@utn.is

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/uttektir/>

**Höfundar:**

Ásdís Bjarnadóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir

©2023 utanríkisráðuneytið

**Forsíðumynd:**

*Kristjana Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri við sendiráð Íslands í Lilongwe að störfum með kennurum í St. Joseph skólanum í Mangochi héraði í Malaví. Höfundur: Ragnheiður Matthíasdóttir, desember 2021.*

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt og tillögur.....</b>	<b>1</b>
Helstu tillögur:.....	2
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
1.1 Aðferðir.....	4
1.2 Forsaga.....	4
1.3 Samstarf til dagsins í dag.....	6
1.4 Starfshættir á Norðurlöndunum.....	7
<b>2. Rannsóknir og þekkingarmótun .....</b>	<b>8</b>
2.1 Rannsóknir til þekkingarmótunar og stjórnunar innan utanríkisráðuneytisins.....	8
2.2 Aðgangur fræðafólks að rannsóknum og rannsóknargögnum á vettvangi.....	9
2.3 Rannsóknarstyrkir.....	9
<b>3. Nám á háskólastigi.....</b>	<b>11</b>
3.1 Nám og námskeið tengd þróunarsamvinnu og þróunarlöndum.....	11
3.2 Viðhorf og reynsla háskólanna til nemenda frá þróunarlöndum.....	12
3.3 Námsframboð fyrir fólk frá þróunarlöndum.....	12
<b>4. Annað samstarf og tækifæri.....</b>	<b>14</b>
4.1 Uppbygging náms í þróunarlöndum.....	14
4.2 Samstarf við Norrænu Afríkustofnunina.....	14
4.3 Starfsnám.....	15
4.4 Ráðgjafastörf og þátttaka háskólafélks í þróunarsamvinnu.....	16
<b>Viðauki I: viðmælendur .....</b>	<b>17</b>
<b>Viðauki II: spurningakönnun meðal fræðafólks háskólanna.....</b>	<b>18</b>

# Samantekt og tillögur

Mörg tækifæri felast í auknu samstarfi utanríkisráðuneytisins (UTN) við háskóla og fræðasamfélagið í þágu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands enda fer margvíslegt starf fram innan veggja íslensku háskólanna sem tengist þróunarsamvinnu.

Í þessari skýrslu er m.a. fjallað um helstu leiðir fyrir slíkt samstarf sem Ísland hefur nýtt til þessa og þau tækifæri sem felast í auknu samstarfi við háskóla og fræðasamfélagið, en niðurstöður úttektarinnar sýna glögg að töluverður áhugi er frá háskólunum og fræðasamfélaginu fyrir auknu samstarfi og að tækifærin eru fjölmörg.

Með auknu samstarfi er hægt að **efla rannsóknir sem geta nýst beint inn í verkefni utanríkisráðuneytisins með aukinni þekkingu og nýsköpun**. Eins getur starfsfólk og framhaldsnemar háskóla tekið þátt í verkefnum Íslands í þróunarsamvinnu, t.d. við mótun nýrra verkefna og framkvæmd úttekta. Að auki er mikil þörf á að aðstoða við uppbyggingu á námi og að styrkja eintök námskeið og kennslu í þróunarlöndum. Þar hafa háskólar á Íslandi mikið fram að færa.

Ýmis konar **námskeið og námsleiðir tengjast þróunarsamvinnu og/eða þróunarlöndum á einn eða annan hátt innan íslensku háskólanna en tækifæri geta falist í að auka samvinnu innan og milli þeirra þegar kemur að kennslu, rannsóknum og miðlun**. Einnig eru ýmis samlegðaráhrif með skólum GRÓ - þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu, en skólarnir hafa breitt tengslanet og þekkingu á sviði jarðhita, landgræðslu, jafnréttis og sjávarútvegi í þróunarlöndum.

Til að **auka þekkingu og vitund á málefnum þróunarlanda og þróunarsamvinnu Íslands** gæti utanríkisráðuneytið stutt við háskólasamfélagið, til að mynda með fjárhagslegum og/eða faglegum stuðningi til að kynna það þverfaglega starf og rannsóknir sem unnar eru í þróunarlöndum. Sem dæmi gæti slíkur stuðningur falið í sér ráðstefnur, málþing og/eða þemadaga sem væru vel kynntir úti í samfélaginu með samvinnu við fjölmiðla. Auk þess eru sóknarfæri fólgin í að leita samstarfs við námsleiðir sem beint varða þróunarsamvinnu, en einnig aðrar námsleiðir, s.s. í fjölmiðlafræði og/eða fréttá- og blaðamennsku um gerð kynningarefnis um þróunarsamvinnu sem væri til þess fallið að virkja háskólanema á þessu sviði og fá fjölbreyttari umfjöllun og efnistöð um þróunarsamvinnu.

Aukið samstarf getur falið í sér gerð **tímabundinna eða langtíma þjónustu- eða samstarfssamninga við háskóla eða stofnanir/deildir innan háskóla** sem hefðu það að markmiði að styðja við rannsóknir, miðlun og/eða úttektir sem tengjast þróunarsamvinnu. Fordæmi eru fyrir slíkum samningum við stofnanir og/eða deildir innan háskólanna, bæði innan utanríkisráðuneytisins og hjá öðrum ráðuneytum Stjórnarráðsins.

Mikill áhugi er á að háskólastúdentar og starfsfólk háskólanna geti sótt um **styrki til rannsókna sem tengjast þróunarsamvinnu og þróunarlöndum** en engir slíkir styrkir eru í boði hérlendis eins og er. Gott dæmi um sjóð sem styrkir rannsóknir, nýsköpun og miðlun er Loftslagssjóður sem heyrir undir umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið en sjóðurinn er hýstur hjá Rannís. Ef settur yrði á stofn sjóður til að styrkja rannsóknir, kennslu og nýsköpun tengdri þróunarsamvinnu er afar mikilvægt að vanda allan undirbúning og mælt er með að úthýsa slíkum sjóði til Rannís eða annarra aðila, sem væri í samræmi við starfshætti hinna Norðurlandanna. Setja þarf skýrar reglur um styrkveitingar og mikilvægt að tengja þær við heimsmarkmiðin og huga sérstaklega að umhverfis- og loftslagsmálum auk kynjasjónarmiða. Lagt er til að í náinni framtíð verði boðið upp á smærri styrki til meistara- og doktorsnema sem nýtast til ferða og uppihalds í þróunarlöndum í tengslum við þeirra nám. Einnig er lagt til að skoða stuðning við stærri rannsóknarverkefni, þróun og útgáfu kennsluefnis í þróunarsamvinnu og aðstoð við uppbyggingu náms og námskeiða í þróunarlöndum.

Tækifæri felast í að bjóða reglulega upp á **starfsnemastöður í samstarfslöndum Íslands**, sér í lagi til að kynna þróunarsamvinnu og hvetja hæft ungt fólk til starfa í þróunarsamvinnu. Áður en auglýst er eftir starfsnemum er mikilvægt að vanda undirbúning þannig að starfslýsingar séu skýrar og starfsnemastöðurnar séu vel skilgreindar auk þess sem góð umgjörð sé til staðar.

Tækifæri felast í að kynna betur þá **styrkja- og námskeiðsmöguleika sem Norræna Afríkustofnunin (NAI)** býður upp á en styrkir og þjálfun hjá NAI hefur verið vannýtt síðustu ár. Nemendur og starfsfólk háskólanna, starfsfólk utanríkisráðuneytisins og blaðamenn geta nýtt sér námskeið, aðstöðu og styrki hjá NAI. Kynna mætti þau tækifæri sem NAI býður upp á opnu málþingi um þróunarsamvinnu.

## Helstu tillögur:

- 1. UTN móti stefnumið og framkvæmdaáætlun fyrir samstarf við háskóla og fræðasamfélagið.** Stefnumótun og markmiðasetning bætir faglega umgjörð fyrir samstarfið, stuðlar að ráðdeild í nýtingu þróunarfjár og auðveldar mat á árangri þegar fram líða stundir.
- 2. UTN kanni fýsileika þess að gera rammasamninga við háskólastofnanir á Íslandi.**

Með þessu móti liggur ábyrgðin á umsýslu og framkvæmd fyrst og fremst hjá háskólunum og ábyrgð ráðuneytisins snýr að vöktun og eftirliti.

- Mikilvægt er að mótun og útfærsla rammasamninga byggji á gagnsæu ferli. Lagt er til að opin tilkynning eða boð um þátttöku í rammasamningi sé send til allra háskóla á Íslandi, og henni sé fylgt eftir með opnum samráðsfundi eða hugarsmiðju þar sem möguleikar á ólíkum leiðum til samstarfs eru kynntir.
- Með rammasamningum myndu viðkomandi háskólar greina eigin sóknarfæri og útfæra, hvort sem samstarf varðar nám, styrk-

veitingar<sup>1</sup>, starfsnám, rannsóknir eða beina aðkomu að þróunarsamvinnuverkefnum. Þær leiðir sem viðkomandi háskólar útfæra, byggjast á styrkleikum og áhuga sem fyrir hendi er innan hvers stofnunar fyrir sig.

- Háskólarnir myndu leggja fram skriflega tillögu að rammasamningi með útfærslum sem henta hverri stofnun fyrir sig. Samstarfsform og markmið með samstarfi þarf að samræmast stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.
- Háskólar gætu einnig tekið sig saman hvað varðar samstarfsmöguleika með það fyrir augum að auka samlegð og samstarf þeirra á milli.

### 3. **UTN auki kynningu á þróunarsamvinnu innan háskólanna.**

Markmiðið er að auka áhuga og skilning á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarlanda og þar með hvetja til aukinnar þátttöku fræða- og háskólasamfélagsins í þróunarsamvinnu. Slíkt gæti t.d. verið gert í gegnum þemadaga um málefni Afríku í tengslum við heimsmarkað Sp um sjálfbæra þróun.

### 4. **UTN, í samstarfi við háskólana, kynni reglulega styrkja- og námskeiðsmöguleika hjá Norrænu Afríkustofnuninni (NAI).<sup>2</sup>**

### 5. **Ráðgjafalisti UTN verði útfærður til að fræðafólk og stofnanir háskólanna geti komið sinni sérþekkingu á framfæri og lagt þróunarsamvinnu lið.**

Ráðgjafalistinn verði kynntur á vettvangi háskólanna, og þar verði gert ráð fyrir valkostum þar sem fræðafólk og stofnanir háskólanna geta komið sinni sérstöðu á framfæri, t.d. lýst yfir vilja til að taka þátt í rannsóknum á vettvangi, til að mynda fyrir grunnviðmið (e. baseline studies), úttektir í þróunarsamvinnu, og aðrar greiningar og rannsóknir í þágu þróunarsamvinnu.

---

<sup>1</sup> Svo sem til rannsókna, kennsluþróunar, vettvangsvinnu og miðlunar fyrir nemendur, starfsfólk og stofnanir háskólanna.

<sup>2</sup> Slíkar kynningar fóru fram haustið 2023 í samstarfi milli NAI, utanríkisráðuneytisins og háskólanna.



# 1. Inngangur

Markmið úttektarinnar er að kortleggja aðkomu háskóla og fræðasamfélagsins að þróunarsamvinnu Íslands. Það er gert til að skilgreina bestu starfshætti og leiðir fyrir utanríkisráðuneytið til að starfa með og hvetja til aukinnar þátttöku háskóla og fræðasamfélagsins í þróunarsamvinnu, og auka þannig virði þess framlags sem Ísland leggur af mörkum til að heimsmarkmiðum SB verði náð.

## 1.1 Aðferðir

Í úttektinni var notast við aðferðafræði mótandi úttekta (e. formative evaluation) sem felur í sér að skoða og læra af þeim verkefnum sem unnin hafa verið, og kortleggja þá möguleika sem eru til staðar, m.a. með tilvísun í það sem vel hefur gengið í nágrannalöndum. Niðurstöður munu nýtast við að móta ramma um samstarf utanríkisráðuneytisins við háskóla og fræðasamfélagið á sviði þróunarsamvinnu.

Gagnasöfnun fór fram með viðtölum við sérfróða aðila, spurningakönnun og rýni fyrirbyggjandi gagna um málefnið. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sendi bréf 13. nóvember 2020 til rektora allra háskóla á Íslandi með ósk um tengilið við viðkomandi fræðastofnun og voru í kjölfarið tekin viðtöl við fulltrúa háskólasamfélagsins í þróunarsamvinnunefnd, tengiliði háskólanna, auk starfsfólks utanríkisráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem tengjast þróunarsamvinnu. Spurningakönnun var send út í desember 2020 og var opin út janúar 2021. Starfsfólk háskólanna sem tengst hafa kennslu og/eða rannsóknnum á þróunarsamvinnu fengu könnunina senda og bárust 41 svar. Að lokum voru gögn rýnd sem tengjast viðfangsefni úttektarinnar. Fyrstu niðurstöður úttektarinnar voru kynntar fyrir starfsfólki utanríkisráðuneytisins 24. september 2021 og í kjölfar þess var send út spurningakönnun til starfsfólks.

Til að afmarka úttektina var starfsemi GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu og tengdra skóla undanskilin,<sup>3</sup> sem og starf sem tengist ráðgjafalistum sem utanríkisráðuneytið starfrækir þar sem íslenskir, háskólamenntaðir sérfræðingar veita alþjóðastofnunum liðsinni í þeirra verkefnum.

## 1.2 Forsaga

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019–2023 sem samþykkt var af Alþingi í maí 2019 segir m.a.: „Gagnkvæm ábyrgð og samstarf í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna verði leiðarstefið í samstarfi ólíkra aðila til að ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að. Starfað verði með aðilum úr ýmsum áttum, þar á meðal ráðuneytum og stofnunum, háskólum, atvinnulífinu og

---

<sup>3</sup> Þetta fól í sér að ekki var farið í saumana á sjálfu starfi GRÓ í úttektinni enda er starf skólanna fjögurra (Jafnréttisskólans, Jarðhitaskólans, Landgræðsluskólans og Sjávarútvegsskólans) vel þekkt og útlitast í úttektum.

félagasamtökum.“ Jafnframt segir í stefnunni: „Unnið verði að því að nýta íslenska virðisaukandi sérþekkingu í verkefnum og innan fjölþjóðastofnana, enda búi íslensk fyrirtæki og stofnanir yfir margs konar sérþekkingu sem nýst geti við efnahagsþróun í fátækum ríkjum.“ Í nýrri þróunarsamvinnustefnu 2024–2028, sem brátt mun taka gildi, er lagt upp með að íslensk stjórnvöld haldi áfram að nýta fjölbreyttar leiðir við framkvæmd þróunarsamvinnu, þ.m.t. samstarf við háskóla og fræðasamfélagið.

Tillaga utanríkisráðherra til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 var samþykkt á Alþingi þann 15. desember 2023. Þar segir m.a. „Samstarf við fræðasamfélagið verði eftt, enda gegni það mikilvægu hlutverki þegar kemur að nýsköpun, menntun og rannsóknnum og búi að ríkri sérþekkingu sem getur nýst á sviði þróunarsamvinnu. Jafnframt gegni fræðasamfélagið mikilvægu hlutverki í að auka þekkingu og skilning á málefnum. Með framangreint í huga verði sérstaklega hugað að möguleikum til að hvetja til aukinnar þátttöku fræðasamfélagsins í þróunarsamvinnu og efla samstarf milli háskóla á Íslandi og í tvíhliða samstarfslöndum á áherslusviðum Íslands. Þá verði hugað að því með hvaða hætti efla megi þátttöku nemenda og kennara og styðja við aukið háskólasamstarf til þekkingarmótunar og -miðlunar um þróunarsamvinnu á Íslandi.“

Í greinargerð um þingsályktun segir enn fremur: „Á gildistíma stefnunnar verða leiðir til aukins samstarfs við fræðasamfélagið skilgreindar í því skyni að styrkja möguleika þess til aðkomu að og þátttöku í þróunarverkefnum og samstarfi við fræðasamfélagið í fátækustu ríkjunum. Sérstaklega verður horft til möguleika á slíku í tvíhliða samstarfslöndum Íslands og á þeim sviðum sem Ísland leggur áherslu á, svo sem jafnréttis, loftslagsmála, heilbrigðis og menntunar. Byggt verður á niðurstöðum könnunar sem sneri að kortlagningu á aðkomu og áhuga fræða- og háskólasamfélagsins að þróunarsamvinnu sem ráðuneytið framkvæmdi árið 2020. Könnunin leiddi m.a. í ljós að margvísleg tækifæri gætu falist í auknu samstarfi við háskóla og fræðasamfélagið fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þar má nefna þekkingarmótun og -miðlun, nýsköpun, þjálfun, kynningu og vitundarvakningu meðal almennings auk þess að hámarka samlegð af starfi Íslands á sviði þróunarsamvinnu.“

Nánari útfærsla á þeim möguleikum sem felast í samstarfi utanríkisráðuneytisins við fræðasamfélagið og háskóla á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu liggur ekki fyrir, en vonir standa til að úttekt þessi geti reynst gagnlegt innlegg í þá vinnu. Ráðuneytið gaf þó út skjal árið 2013 sem nefnist „Áherslur í samstarfi stjórnvalda við háskólasamfélagið á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands“. Þar eru sett fram markmið Íslands er varða rannsóknir, ráðgjöf, kennslu og þátttöku almennings. Þessum markmiðum hefur þó hvorki verið fylgt eftir á reglubundinn hátt né hafa skilgreindar aðgerðir verið settar fram til að vinna að þeim. Fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands geta margvísleg tækifæri falist í auknu samstarfi við háskóla og fræðasamfélagið. Þar má nefna þekkingarmótun og -



miðlun, nýsköpun, þjálfun, kynningu og vitundarvakningu auk þess að hámarka samlegð af starfi Íslands á sviði þróunarsamvinnu.

Íslenskt fræðasamfélag býr að ríkri sérþekkingu sem getur nýst til að vinna að heimsmarkmiðum SP og þróunarmarkmiðum Íslands, auk þess sem mikilvægt er að huga að því að veita ungu fræðafólki tækifæri til rannsókna og starfa á sviðum sem beint tengjast þróunarsamvinnu. Brýnt er að slíkt samstarf sé vel skilgreint, bæði markmið og þær leiðir sem Ísland hyggst nýta.

### 1.3 Samstarf til dagsins í dag

Utanríkisráðuneytið, og þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) þar á undan, hafa unnið á margvíslegan hátt með fræðasamfélaginu og háskólum, bæði hérlendis og í tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Á undanförunum árum hefur utanríkisráðuneytið tekið á móti íslenskum háskólanemum í tímabundnar starfsnemastöður sem eru hluti af þeirra námi. Auk þess hóf utanríkisráðuneytið árið 2021 að bjóða aftur upp á tímabundnar starfsnemastöður í tvíhliða samstarfslöndum sínum fyrir ungt háskólafolk sem hefur lokið hefur grunnnámi, líkt og ÞSSÍ gerði áður fyrr. Einnig hafa einstaka rannsóknarverkefni verið studd, bæði með styrkveitingum til meistara- og doktorsnema og með því að gefa íslensku fræðafólki aðgang að gögnum og vettvangsvinnu í tengslum við verkefni Íslands í samstarfslöndum ásamt því sem stuðningur hefur verið veittur til uppbyggingar menntunar í þróunarfræðum við íslenska háskóla. Þá eiga íslenskar menntastofnanir í margvíslegu samstarfi við menntastofnanir og fræðasetur í þróunarlöndum og hafa átt beina aðkomu að verkefnum Íslands á sviði þróunarsamvinnu.<sup>4</sup>

Samstarf utanríkisráðuneytisins við háskóla og fræðasamfélagið hefur hingað til gefið góða raun. Til að mynda hefur starfsnám innan ráðuneytisins reynst vel og dæmi eru um að starfsnemar hafi síðar gert þróunarsamvinnu að sínu ævistarfi. Einnig hefur verið gott samstarf við háskóla í tengslum við ýmis þróunarsamvinnuverkefni í tvíhliða samstarfslöndum Íslands í Afríku þar sem samstarfssamningar voru gerðir við ýmsa háskóla um að veita ráðgjöf sem sneri m.a. að undirbúningi og eftirliti með framkvæmd einstakra verkefna. Til að mynda voru gerðir samstarfssamningar við Háskóla Íslands á menntavísindasviði og heilbrigðisvísindasviði um ráðgjöf og mat á mennta- og heilbrigðisverkefnum ÞSSÍ í samstarfslöndum Íslands, Háskólinn í Reykjavík veitti ráðgjöf varðandi stjórnun og eftirlit með framkvæmd heilbrigðisverkefnis í Malaví og Háskólinn á Akureyri vann verkefni tengt fiskimálum á Srí Lanka.

Ísland hefur hingað til ekki tekið beinan þátt í rannsóknarsamstarfi með háskólum og fræðasamfélaginu í tengslum við fjölþjóðlega þróunarsamvinnu, en

---

<sup>4</sup> Frekari umfjöllun um samstarf þróunarsamvinnustofnunar Íslands og utanríkisráðuneytisins við fræðasamfélagið má finna í samantektinni Áherslur í samstarfi stjórnvalda við háskólasamfélagið á sviði alþjóðlegar þróunarsamvinnu Íslands (UTN og ICEIDA, 2013).

hóf þátttöku í ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna á nýjan leik árið 2021 til að gefa ungu háskólaþingi tækifæri til að afla sér reynslu. Ýmsar alþjóðlegar stofnanir, s.s. Alþjóðabankinn, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og aðrar SP stofnanir, bjóða upp á tækifæri til rannsóknartengds samstarfs í tengslum við starfsemi sína, þá oft undir hatti nýsköpunar eða sérstaks rannsóknarsamstarfs.

## 1.4 Starfshættir á Norðurlöndunum

Öll hin Norðurlöndin starfa með háskólum og fræðasamfélaginu á einn eða annan hátt í tengslum við þróunarsamvinnu. Áhersla flestra þeirra liggur í því að styrkja samvinnu og rannsóknarsamstarf á milli innlendra háskóla og háskóla í samstarfslöndunum ("twinning"). Markmiðið er að efla rannsóknargetu og gæði rannsókna í þróunarlöndum og er mótun nýrrar og hagnýtrar þekkingar sem getur nýst við úrlausn hinna ýmsu áskorana og viðfangsefna í þróunarsamvinnu höfð að leiðarljósi í öllu slíku samstarfi. Þar að auki gegna háskólar oft ráðgefandi hlutverki við stefnumótun og önnur verkefni tengd þróunarsamvinnu og leggja löndin almennt áherslu á að miðla rannsóknarniðurstöðum á skýran og markvissan hátt svo hægt sé að nýta þær sem grundvöll í frekari stefnumótun og þar með gera þróunarsamvinnu skilvirkari.

Misjafnt er á milli landa hvort formleg stefna/stefnumið um samstarf við háskóla og fræðasamfélagið séu til staðar. Noregur<sup>5</sup> og Svíþjóð<sup>6</sup> hafa markað sér stefnu í málaflokknum og er samstarf þeirra á þessu sviði fremur umfangsmikið. Danmörk, og Finnland að einhverju leyti, hafa skýra ferla um samstarf við háskóla og fræðasamfélagið þó formleg stefnuskiöl séu ekki til staðar. Niðurstöður nýlegrar úttektar á rannsóknarsamstarfi Dana<sup>7</sup> síðasta áratuginn eru almennt jákvæðar, en athygli er vakin á að án formlegrar stefnu í málaflokknum hefur reynt áskorun að réttlæta slíkt samstarf. Því er hætta á að samsetning verkefna og styrkja verði ekki nægilega markviss sem hefur aftur áhrif á hvort hægt sé að fylgjast með framvindu og árangri með skilvirkum hætti.

Fjármögnun fyrir samstarf við háskóla og fræðasamfélagið í þágu þróunarsamvinnu kemur almennt af framlögum til þróunarsamvinnu í gegnum ýmist utanríkisráðuneyti (Danmörk, Finnland) eða þróunarsamvinnustofnanir (NORAD, SIDA) á meðan umsýsla, þar á meðal framkvæmd verkefna og úthlutun styrkfjár, liggur að mestu leyti hjá rannsóknarráðum, öðrum ráðuneytum og/eða stofnunum.

---

<sup>5</sup> [Research Strategy for the Foreign Service and Norad 2017-2024](#)

<sup>6</sup> [Strategy for Sweden's development cooperation in research for poverty reduction and sustainable development 2022-2028](#)

<sup>7</sup> [Evaluation of DANIDA Support to Development Research \(2008-2018\)](#)

## 2. Rannsóknir og þekkingarmótun

Mikil tækifæri felast í að auka samstarf háskólasamfélagsins og utanríkisráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu. Tækifærin felast meðal annars í nýjum leiðum sem skapast með aukinni samvinnu, auk þess að sú þekking sem býr innan háskólasamfélagsins myndi skila sér í auknum mæli inn í stjórnkerfið. Til að auka samstarf og tækifæri því tengdu gæti utanríkisráðuneytið tengt háskólaafólk í auknum mæli við aðila í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, einkum í Afríku. Þannig má betur nýta þá þekkingu og tengslanet sem þar er að finna. Ef vinna á verkefni í samstarfslöndum Íslands eða öðrum þróunarlöndum er afar mikilvægt að tengjast heimafólki og öðrum aðilum sem vinna á vettvangi til að auka skilning á aðstæðum og tryggja að samvinna við heimafólk skili árangri.

Viðmælendur leggja ríka áherslu á að rannsóknir í samstarfslöndum Íslands séu ætíð gerðar í samráði og samvinnu við heimamenn og styðji við þekkingaruppbyggingu innan þeirrar stofnunar og lands sem um ræðir, sem er einnig í takt við nálgun Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

### 2.1 Rannsóknir til þekkingarmótunar og stjórnunar innan utanríkisráðuneytisins

Rannsóknir frá ólíkum fræðasviðum geta nýst utanríkisráðuneytinu til þekkingarmótunar og þekkingarstjórnunar í tengslum við þróunarsamvinnu. Til að mynda væri fróðlegt að fá sagnfræðing til að rita sögu þróunarsamvinnu Íslands, allt frá upphafsárum hennar á Grænhöfðaeyjum og Malaví í kringum 1970. Með því að horfa á söguna í stærra samhengi, út frá þeirri hugmyndafræði sem var við lýði á hverjum tíma, er hægt að draga af henni lærdóm sem nýtist til framtíðar í þekkingarmótun og stjórnun. Einnig nýtist sú þekking sem aflað er innan GRÓ skólanna með rannsóknum á sviðum jarðhita, jafnréttis, landgræðslu og sjávarútvegs bæði hér heima og í samstarfslöndum Íslands.

Ýmsar leiðir eru færar til að auka rannsóknarsamstarf utanríkisráðuneytisins og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Til að mynda gæti ráðuneytið lagt fram hugmyndir að efni fyrir námsritgerðir á sviði þróunarsamvinnu en slíkt yrði þó að vera gert í nánu samstarfi við háskólana og þá fræðimenn sem þar starfa. Ef um er að ræða rannsóknir í samstarfslöndum Íslands, er einnig afar mikilvægt að samstarfi sé komið á við háskóla/rannsóknaraðila í viðkomandi landi. Utanríkisráðuneytið gæti einnig kallað eða auglýst eftir aðilum innan háskólasamfélagsins til að sinna ákveðnum verkefnum í tengslum við alþjóðlega þróunarsamvinnu.

## 2.2 Aðgangur fræðafólks að rannsóknum og rannsóknargögnum á vettvangi

Efitt getur reynt að fá leyfi til rannsókna á vettvangi í samstarfslöndum Íslands. Hjá ÞSSÍ var aðgangur að rannsóknum á vettvangi í formlegum farvegi í gegnum samstarfssamninga við tvíhliða samstarfslönd. Til að mynda fóru háskólanemar í læknis- og ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands til Malaví og framkvæmdu rannsóknarverkefni í tengslum við heilbrigðisverkefni ÞSSÍ í landinu. Ef utanríkisráðuneytið hyggst liðka fyrir aðgangi að rannsóknum á vettvangi, meðal annars með því að tala við samstarfsaðila á vettvangi og aðstoða við undirbúning, er afar mikilvægt að skýrt sé frá upphafi af hverju óskað er eftir leyfi og hvað er leyfilegt og hvað ekki þegar að kemur að rannsóknum í viðkomandi landi og nýtingu þeirra í stærra samhengi. Einnig er mikilvægt að rannsóknirnar séu gerðar í samstarfi við heimamenn, fjalli um málefni sem þeir hafa þörf á að láta skoða og styðji við uppbyggingu mannauðs í viðkomandi stofnun og landi. Með því að formgera samstarf við innlendar háskóla- og rannsóknarstofnanir í samstarfslöndum eru rannsóknir á vettvangi í þróunarlöndum styrktar, aðgangur að rannsóknum bættur og hægt að tryggja sameiginlegt eignarhald og jafnræði.

GRÓ skólarnir hafa lengi styrkt rannsóknir á vettvangi í gegnum styrki til framhaldsnáms við íslenska háskóla í samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir í þróunarlöndum. Reynslan af þessu samstarfi er góð og mikil reynsla hefur safnast í sarpinn sem hægt er að byggja á, eins og kemur fram í nýlegri úttekt á styrkveitingum GRÓ skólanna til meistara- og doktorsnemenda.<sup>8</sup> Reynsla GRÓ skólanna sýnir að mikilvægt er að leiðbeinendur í doktorsverkefnum fari á vettvang til að kynna sér aðstæður og uppsetningu rannsókna með samstarfsaðilum. Með því móti átta þeir sig betur hvað liggur að baki gögnum sem safnað er og hvaða mögulegu takmarkanir séu á viðkomandi rannsókn, til að mynda hvort gæði gagnanna séu viðunandi. Aðgengi að gögnum er oftast í gegnum samstarfsstofnanir í samstarfslöndum Íslands, t.d. háskóla og ráðuneyti, og framhaldsnemar (meistara- og doktorsnemar) við íslenska háskóla sem koma frá þróunarlöndum geta oft fengið aðgang að þeim.

## 2.3 Rannsóknarstyrkir

Fá tækifæri standa nemendum til boða á Íslandi til að fjármagna rannsóknir í þróunarlöndum. Félagasamtök og atvinnulífið geta sótt um styrki í þar til gerða sjóði á vegum utanríkisráðuneytisins en engir slíkir styrkir eru sérstaklega í boði fyrir háskólasamfélagið. Á árunum 2004–2009 veitti ÞSSÍ árlega smærri styrki til ungs fræðafólks til að stunda rannsóknir sem tengdust áherslum Íslands í þróunarsamvinnu, en í kjölfar hruns var styrkveitingunum hætt og hafa þær ekki verið teknar upp aftur. Reynsla af veitingu þessara styrkja var almennt góð. Kostnaðurinn var tiltölulega lágur, en fyrst og fremst var um að ræða ferðastyrk

---

<sup>8</sup> Úttekt á fyrirkomulagi styrkveitinga fyrir meistara- og doktorsnema í gegnum þjálfunaráætlanir GRÓ (ágúst, 2023).

sem gerði nemendum kleift að framkvæma vettvangsrannsókn. Styrkirnir nýttust m.a. til að byggja upp þekkingu í þróunarsamvinnu, auk þess sem margir styrkþegar hafa síðar farið að starfa á þessu sviði. Fyrrum styrkþegar sem nú starfa innan ráðuneytisins og háskólasamfélagsins, hafa nefnt að þessir styrkir til vettvangsrannsókna hafi skipt miklu máli fyrir þá faglega.

Hægt er að sækja um rannsóknarstyrki til Rannís en þar hefur áhersla verið lögð á það sem snýr að íslenskum veruleika og vettvangi. Í viðtölum og skoðanakönnun kom fram mikill áhugi og þörf fyrir styrki sem styðja við þróunarsamvinnutengdar rannsóknir nemenda og annars fræðafólks. Viðmælendur lögðu áherslu á vandaða umsýslu í kringum styrkina og faglegt ferli.

## 3. Nám á háskólastigi

### 3.1 Nám og námskeið tengd þróunarsamvinnu og þróunarlöndum

Árið 2004 hófst undirbúningur náms í þróunarfræðum við Háskóla Íslands, á grundvelli samstarfssamnings á milli ÞSSÍ og HÍ um að efla kennslu og rannsóknir á sviði þróunarmála. Meistaránám og viðbótarnám (diplóma) í þróunarfræðum hófst svo formlega haustið 2005. ÞSSÍ studdi við uppbyggingu námsins fyrstu fimm ár þess með því að fjármagna stöðu lektors í þróunarfræðum, en að þessum árum liðnum tók HÍ alfarið við náminu. Samstarfssamningurinn gerði einnig ráð fyrir að nemendur í þróunarfræðum gætu notið aðstoðar stofnunarinnar við kennslu og söfnun gagna. Í samræmi við það tók starfsmaður frá ÞSSÍ að sér kennslu eins námskeiðs innan þróunarfræðinnar. Sú hefð hefur að einhverju leyti haldið áfram og starfsmenn utanríkisráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu hafa tekið að sér að vera með innlegg í háskólakennslu þrátt fyrir að formlegur samstarfssamningur sé ekki í gildi. Til að styðja við rannsóknarvinnu og söfnun gagna í þróunarlöndum hóf ÞSSÍ að bjóða upp á námsstyrki til nemenda árið 2006 sem margir kusu að safna gögnum í samstarfslöndum ÞSSÍ og innan ramma ákveðinna verkefna stofnunarinnar.

Þróunarfræðin var vel sótt frá upphafi og höfðaði námið til breiðs hóps, en auk háskólastúdenta sóttu sérfræðingar og fagaðilar alls staðar úr samfélaginu námið ár hvert. Frá upphafi námsins hafa 33 nemendur útskrifast með MA í þróunarfræðum og 68 nemendur hafa lokið 30 eininga viðbótarnámi. Árið 2019 var þróunarfræðin sameinuð annarri námsleið, hnattrænum tengslum sem tengist fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum, og úr varð MA nám í hnattrænum fræðum (e. global studies) sem er þverfaglegt nám með þrjú kjörsvið: fólksflutningar og fjölmening, þróunarfræði og hnattræn heilsa. Ýmsir útskrifaðir nemendur hafa síðan unnið á vettvangi tengdum þróunarsamvinnu eða beint að þróunarsamvinnu.

Flest námskeið sem fjalla alfarið eða að hluta um þróunarlönd og/eða þróunarsamvinnu eru innan Háskóla Íslands. Þróunarfræði og/eða þróunarlönd eru einnig til umræðu í ýmsum öðrum námskeiðum eða námsleiðum innan HÍ. Svo dæmi séu tekin eru þróunarlönd að einhverju leyti til umræðu í flestum námskeiðum í **mannfræði** auk þess sem ýmis námskeið fjalla sérstaklega um þróunarmál og kenningar um þróun. Í **þjóðfræði og safnafræði** eru námskeið þar sem komið er inn á safnastarf í þróunarlöndum og samstarfi safnastofnana á Vesturlöndum við þróunarlönd. Einnig er fjallað um nýlenduhyggju, eftirlenduhyggju o.fl. sem tengist bæði þróunarlöndum og þróunarsamvinnu. Í grunnnámi í **landfræði** er lögð áhersla á hnattrænt sjónarhorn og tengsl milli heimshluta. Efni tengt þróunarlöndum er fléttað inn í ýmis námskeið og einnig boðin valnámskeið sem fjalla sérstaklega um samfélagsaðstæður og umhverfi, t.d. Afríku. Auk þess koma einstaka námskeið í **umhverfis- og auðlindafræði** og á **menntavísindasviði** og **heilbrigðisvísindasviði** HÍ inn á þróunarsamvinnu



og/eða þróunarlönd. Einnig hefur Háskólinn í Reykjavík boðið upp á framhaldsnám á sviði orkumála (Iceland School of Energy) þar sem áhersla er lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og geta nemendur frá þróunarlöndum sótt í þetta nám.

Auk hefðbundinna námskeiða og námsleiða við háskólana, hafa verið kennd stutt námskeið um málefni tengd þróunarsamvinnu af starfsfólki utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ í samstarfi við Endurmenntun HÍ og Rauða krossinn á Íslandi. Slík námskeið voru til að mynda haldin á árunum 2009, 2010 og 2012 við góða aðsókn. Einnig hefur starfsfólk utanríkisráðuneytisins, og áður ÞSSÍ, kynnt þróunarsamvinnutengd mál á málstofum og námskeiðum innan háskólanna í gegnum tíðina.

### 3.2 Viðhorf og reynsla háskólanna til nemenda frá þróunarlöndum

Allir háskólarnir eru jákvæðir fyrir því að fá nemendur frá þróunarlöndum til náms þó það séu ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að laða að nemendur frá þróunarlöndum nema helst í gegnum samstarf GRÓ skólana sem bjóða fyrrum nemum upp á styrki til að stunda meistara- eða doktorsnám við íslensku háskólana. Háskóli Íslands nefndi sérstaklega að hann vilji sýna samfélagslega ábyrgð, sé alþjóðlegur rannsóknarháskóli og vilji því fá alþjóðlega nemendur til náms við skólann. Niðurstöður spurningakönnunarinnar benda til þess að góð reynsla sé af því að hafa nemendur frá þróunarlöndum við nám í íslensku háskólunum. Mikilvægt sé þó að vanda val á nemendum, bæði hvað varðar menntun og hæfni. Nefnt var að erfitt geti verið að auglýsa sérstaklega námskeið fyrir fólk frá þróunarlöndum þar sem að þá berist fjölmargar umsóknir sem erfitt getur verið að fara í gegnum. Betra sé að ákveðið kerfi sé til staðar til að velja nemendur og að þeir séu styrktir til náms í gegnum samkeppnissjóði eða í samstarfi við GRÓ skólana.

### 3.3 Námsframboð fyrir fólk frá þróunarlöndum

Námsframboð fyrir fólk frá þróunarlöndum er takmarkað við alla íslensku háskólanna vegna skorts á námskeiðum og takmarkaðs fjölda námskeiða sem kennd eru á ensku en til þess að laða að nemendur frá þróunarlöndum til náms þarf að vera nám í boði á ensku. Á heildina litið fer flest nám innan háskólanna fram á íslensku, sérstaklega grunnnámið þó undantekningar séu á því. Í sumum námsleiðum eða námskeiðum í meistara- og doktorsnámi<sup>9</sup> fer námið hins vegar alfarið eða að hluta til fram á ensku en framboðið er misjafnt milli háskóla og jafnvel milli sviða einstakra háskóla eins og HÍ. Innan Háskóla Íslands eru fleiri námskeið í boði á ensku hjá Verk- og Náttúruvísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði en t.d. á Menntavísinda- og Félagsvísindasviði þó á hinu

---

<sup>9</sup> Dæmi: Námskeið í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.

síðastnefnda sé MA nám í hnattrænum fræðum og félagsfræði kennt á ensku. Nefnt var að ástæða þess að framhaldsnámskeið séu í auknum mæli í boði á ensku væri að hluta til vegna aukningar á skiptinemasamningum við háskóla Evrópu og N-Ameríku en fáir slíkir samningar eru fyrir hendi við háskóla í þróunarlöndum. Við **Háskólasetur Vestfjarða** fer allt námið fram á ensku (strandsvæðastjórnun og byggðafræði) sem og nær allt nám á meistarastigi við **Háskólann í Reykjavík**. Við **Landbúnaðarháskóla Íslands** eru nokkur námskeið kennd ensku sem og tvær námslínur á meistarastigi<sup>10</sup>. Við **Háskólann á Akureyri** og **Háskólann á Bifröst** fer fátt sem ekkert nám fram á ensku en báðir skólarnir eru tilbúnir að sérhanna námskeið á ensku ef eftirspurn er eftir því.

Nokkrir háskólanna hafa boðið upp á netnámskeið (e. MOOCs: Massive open online courses) sem eru á ensku, ókeypis og opin öllum og henta vel fyrir nemendur frá þróunarlöndum.<sup>11</sup>

---

<sup>10</sup> Meistaránám í annars vegar ENCHIL: Environmental changes in higher latitudes og hins vegar í endurheimt vistkerfa.

<sup>11</sup> M.a. hefur Jafnréttisskóli GRÓ sérhannað slík námskeið sem sniðin eru að mállefnum þróunarsamvinnu og henta fyrir nemendur frá þróunarríkjum.

## 4. Annað samstarf og tækifæri

### 4.1 Uppbygging náms í þróunarlöndum

Mikil þörf er á aðstoð við uppbyggingu á námi og stuðningi við einstök námskeið og kennslu í háskólum í þróunarlöndum. Íslensk stjórnvöld áttu lengi vel í samstarfi við háskóla í tvíhliða samstarfslöndum Íslands í tengslum við áherslusvið Íslands í þróunarsamvinnu. Til að mynda studdi ÞSSÍ um árabíl uppbyggingu sérstakrar námsbrautar í fiskeldi við Bunda Landbúnaðarháskólanum (Bunda College of Agriculture) í Malaví og styrkti nemendur til meistara- og doktorsnáms á sviðinu. Einnig átti ÞSSÍ samstarfi við Makarere háskóla í Úganda, á sviði frumkvöðlafræðslu og í tengslum við verkefni tengd jafnréttis- og umhverfismálum. Þessi stuðningur var á margan hátt sambærilegur þeim stuðningi sem hin Norðurlöndin veita nú til að efla nám á háskólastigi í gegnum þá nálgun sína að „para“ innlenda háskóla við háskóla í samstarfslöndum.

Í mörgum háskólum í þróunarlöndum er mikla þekkingu að finna en bjargirnar til að standa fyrir markvissum námskeiðum og þjálfun eru oft takmarkaðar. Íslenskir sérfræðingar geta stutt við það góða starf sem unnið er víða og lagt inn ný sjónarhorn og þekkingu á ýmsum sérsviðum. Stutt og afmörkuð námskeið um tiltekin efni, sem haldin eru í náinni samvinnu við háskólastofnanir í samstarfslandinu, geta verið afar gagnleg fyrir nemendur sem og viðkomandi deildir, og getur slíkt samstarf eftir viðkomandi háskólastofnanir/deildir. Mikill vilji er til samstarfs en flöskuhálsinn er fjármögnun slíkra samstarfsverkefna. Oft er hægt að fá styrki frá evrópskum sjóðum sem dekkja hluta kostnaðarinnar en almennt séð eru slíkir verkefni afar kostnaðarsöm. Ný tækifæri til þjálfunar og námskeiðahalds gætu falist í aukinni útbreiðslu, til að mynda með netnámskeiðum en mikilvægt er að slíkt sé þá hluti af vel skilgreindu heildarverkefni.

### 4.2 Samstarf við Norrænu Afríkustofnunina

Ísland hefur verið aðili að Norrænu Afríkustofnuninni (The Nordic Africa Institute, NAI) frá árinu 1964 og á tvo fulltrúa í fagráði stofnunarinnar (e. Programme and Research Council) sem koma annars vegar frá utanríkisráðuneytinu og hins vegar frá háskólasamfélaginu. Fagráðið gegnir ráðgefandi hlutverki og kemur saman tvisvar á ári. Stofnunin heyrir undir sænska ríkið sem fjármagnar að mestu leyti starfsemi hennar, en Finnland og Ísland leggja einnig til framlag. Noregur og Danmörk eru hvort um sig með fulltrúa frá háskólasamfélaginu í fagráðinu og hefur stofnunin hug á að fá þau inn sem fullgilda meðlimi.

Samstarfið við NAI er mikilvægt fyrir Ísland þar sem hér á landi eru ekki til staðar sjálfstæðar stofnanir sem sérhæfa sig í málefnum Afríku. Hlutverk NAI er einkum að framkvæma og hvetja til rannsókna á málefnum Afríku ásamt því að auka tengsl og þekkingu á milli Afríku og Norðurlandanna. Þá gegnir stofnunin

hlutverki hugveitu (e. think tank) um málefni tengd Afríku og gerir margs konar greiningar og stefnumarkandi samantektir (t.d. pólitískar og um auðlindir, umhverfi og jafnréttismál) sem blaðamenn og aðrir aðilar, þar á meðal utanríkisráðuneyti á Norðurlöndunum hafa aðgang að. Svíþjóð og Finnland nýta sér þetta í miklum mæli á meðan Ísland hefur ekki nýtt þetta nema að takmörkuðu leyti hingað til. NAI er einnig upplýsingaveita fyrir almenning og háskólanema en stærsta Afríkubókasafn á Norðurlöndunum er að finna í NAI og hefur Ísland aðgang að því í gegnum Þjóðarbókhöðuna. Jafnframt býður NAI upp á þjálfun um málefni Afríku fyrir norræna diplómata sem stefna til starfa í Afríku, sem og annað starfsfólk í utanríkisþjónustunni sem vinnur að málefnum tengdum Afríku, s.s. unga diplómata. Til tals hefur komið að bjóða upp á slíka þjálfun fyrir alla sendiherra/sendifulltrúa sem fara með þróunarsamvinnufé og ekki hafa bakgrunn í þróunarsamvinnu og/eða annað starfsfólk sem sinnir verkefnum tengdum Afríku. Námskeið um málefni Afríku hafa einnig verið haldin fyrir blaðamenn á vegum NAI, en þátttaka hefur verið dræm frá Íslandi þar sem erfitt hefur reynt að fá blaðamenn til Svíþjóðar, enda margir önnur kafnir.

Á tímabilinu 1998–2020 hafa 25 íslenskir meistara- og/eða doktorsnemar hlotið styrk frá NAI. Annars vegar er um að ræða styrki til eins mánaðar rannsóknardvalar við NAI og hins vegar ferðastyrki en NAI fékk sá um umsýsluna á þeim fyrir hönd ÞSSÍ á því árabili sem þeir voru í boði.

### 4.3 Starfsnám

Á árunum 2004–2015 bauð ÞSSÍ upp á tímabundið starfsnám fyrir háskólanema sem lokið höfðu grunnnámi á sviðum sem nýttumst starfsemi ÞSSÍ í samstarfslöndum s.s. félags-, hug- og raunvísinda og menntavísindum. Reynslan af starfsnáminu var almennt góð og nýttist stofnuninni vel ásamt því að ungt háskólafolk fékk tækifæri til að kynnast þróunarsamvinnu af eigin raun og margir hafa farið inn á þann starfsvettvang síðar meir. Árið 2021 hóf utanríkisráðuneytið á ný að bjóða starfsnám í sendiskrifstofum Íslands í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands, Malaví og Úganda. Fyrirkomulagið er með svipuðum hætti og áður var hjá ÞSSÍ þar sem ungum sérfræðingum býðst staða til eins árs. Stöður eru auglýstar og öllum gefinn kostur á að sækja um, og eru því ekki tengdar starfi háskólanna með beinum hætti.

Nokkrar námsleiðir innan háskólanna bjóða upp á starfsnám í tengslum við nám, og má nefna sem dæmi umhverfis- og auðlindafræði<sup>12</sup>, viðskiptafræði, stjórnsýslufræði og hnattræn fræði við Háskóla Íslands. Flestir háskólanna voru jákvæðir gagnvart möguleikanum að bjóða upp á starfsnám í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Jákvætt þykir að nemendur tengist starfsvettvangi erlendis

<sup>12</sup> Dæmi um starfsnám innan námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði (UAR) við Háskóla Íslands: Skipulag starfsnámsins er með þeim hætti að nemar vinna að einu afmörkuðu verkefni og taka einnig þátt í daglegum störfum, auk þess að skila lokaskýrslu. Starfsnámið jafngildir 6 ETCS og gert er ráð fyrir 120 tímum (3 vikur í fullri vinnu) sem yfirleitt er dreift á lengri tíma (ca. 6–7 vikur). UAR eru með rammásamning við stofnanir um starfsnám og þarf verkefnalýsing að vera til staðar sem samþykkt er af kennurum UAR.

og fái innsýn í þróunarsamvinnu en mikilvægt er að starfsnámið sé vel skilgreint, tengist því fagi sem viðkomandi nemi stundar nám í og að gerð sé skýr áætlun um umfang og tilgang þess áður en starfsnám hefst. Einnig er mikilvægt að gott samstarf sé á milli háskóla og utanríkisráðuneytisins um innihald og umgjörð starfsnáms af þessu tagi, sem nýtist einnig utanríkisráðuneytinu við að efla áhuga á þróunarsamvinnutengdum málefnum og til að hvetja fólk til að sækja sér frekari menntun og reynslu í þróunarsamvinnu.

#### 4.4 Ráðgjafastörf og þátttaka háskólafélks í þróunarsamvinnu

Utanríkisráðuneytið, og áður ÞSSÍ, hefur í gegnum tíðina nýtt faglega ráðgjöf íslenskra sérfræðinga við undirbúning og framkvæmd ýmissa verkefna tengd þróunarsamvinnu Íslands, einkum á áherslusviðum þar sem Ísland býr yfir sérþekkingu. Þeir aðilar sem hafa sinnt slíkum ráðgjafastörfum hafa flestir gert það í tengslum við GRÓ skólana, einkum í tengslum við tvíhliða þróunarsamvinnu og/eða svæðasamstarf á sviði fiskimála og jarðhita. Á tímum ÞSSÍ var einnig um árabíl veitt ráðgjöf vegna heilbrigðisverkefnis stofnunarinnar á Monkey Bay svæðinu í Malaví þar sem ráðgjafar höfðu aðkomu að öllum stigum verkefnisins. Ramminn um samstarfið var verksamningur sem ÞSSÍ gerði við kennslu- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík (2008–2011) fyrir þetta tiltekna verkefni með vel skilgreindri verklýsingu. Einnig hafa háskólar og fræðasamfélagið tekið þátt í þróunarsamvinnutengdum verkefnum í samvinnu við félagasamtök, s.s. háskólafélk sem hefur veitt ráðgjöf í tengslum við lyfjafræði og önnur fagsvið í þágu uppbyggingar í þróunarlöndum.

Frá árinu 2018 hafa sérstakir ráðgjafalistar verið starfræktir á sviði jarðhita, fiskimála, vatnsafls, kynjajafnréttis og landgræðslu með fjármagni frá utanríkisráðuneytinu. Með þeim býðst íslenskum sérfræðingum tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegum þróunarsamvinnuverkefnum á vegum alþjóðastofnana líkt og Alþjóðabankans. Viðmælendur, sem margir könnuðust við ráðgjafalista ráðuneytisins, voru flestir áhugasamir um þátttöku í þróunarsamvinnutengdum verkefnum/-rannsóknum en nefndu að takmarkaður tími væri til að sinna ráðgjöf vegna annarra starfa við háskólana. Mikilvægt væri því að skýrir rammar til lengri tíma með skýrum markmiðum varðandi samvinnu væru til staðar og t.d. mætti skoða möguleikann á að starfsfólk fengi kennslu-/rannsóknarstig eða greiðslu fyrir þátttöku í þróunarsamvinnutengdri kennslu/rannsóknum. Einnig mætti gera samkomulag við kennara þannig að slík þátttaka væri hluti af kennsluskyldu viðkomandi háskólakennara. Önnur hugmynd sem mætti kanna væri að fá ungt fræðafólk til að taka þátt í þróunarsamvinnutengdum verkefnum s.s. eftirliti og úttektum og alþjóðlegum ráðstefnum. Það myndi gefa ungu fólk dýrmæta hagnýta reynslu og stuðla að auknum sýnileika og vitund um þróunarsamvinnu innan háskólanna og fræðasamfélagsins.

# Viðauki I: viðmælendur

## Fulltrúar í þróunarsamvinnunefnd

Anna Elísabet Ólafsdóttir, fyrrum rektor Háskólans á Bifröst

Geir Gunnlaugsson, prófessor emeritus í hnattrænni heilsu, Háskóli Íslands

Irma Erlingsdóttir, forstöðukona Jafnréttisskólans GRÓ

Tumi Tómasson, fyrrum forstöðumaður Sjávarútvegsskólans GRÓ

## Utanríkisráðuneytið

Þórdís Sigurðardóttir, fyrrum forstöðukona sendiráðs Íslands í Kampala, Úganda

Ágústa Gísladóttir, aðalræðismaður í Færeyjum,

Pétur Skúlason Waldorff, sendiráðunautur, sendiráð Íslands í París, Frakklandi

Jón Geir Pétursson, þáverandi skrifstofustjóri á skrifstofu landgæða, umhverfis- og auðlindaráðuneyti

## Fulltrúar háskóla- og fræðasamfélagsins

Christian Schultze, sviðsstjóri rannsókna og alþjóðasamskipta, Landbúnaðarháskóli Íslands

David Roger Ben Haim, prófessor við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, Háskóli Íslands

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Háskólans í Reykjavík

Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, Háskóli Íslands

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða




## Viðauki II: spurningakönnun meðal fræðafólks háskólanna

Spurningakönnun var lögð fyrir starfsfólk háskóla á Íslandi þar sem leitað var eftir upplýsingum um þróunarsamvinnutengt starf, áhuga og hugmyndum um möguleg samstarfstækifæri. Markmiðið var að greina tækifæri til að hámarka samlegð, efla þekkingarmótun og nýsköpun í þágu þróunarsamvinnu með það fyrir augum að nýta krafta fræðasamfélagsins til að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 10. desember 2020 til 4. febrúar 2021 og því starfsfólki sem hafði áhuga á málefnasviðinu og samstarfi á þessu sviði, boðið að taka þátt. Hún var netkönnun sem lögð var fyrir í gegnum forritið SurveyMonkey. Kastljósinu var ekki sérstaklega beint að starfi skóla GRÓ, sem er umfangsmikið og tengist starfi hinna ýmsu háskóla á Íslandi á margvíslegan hátt. Hluti svarenda hafði þó tengingu við starf skólanna og má glögglega merkja af svörum hve margir snertifletir eru við starf GRÓ við íslenska háskóla. Meðal starfsaldur þátttakenda í háskólum var 17,6 ár og var fræðafólk af öllum sviðum meðal þátttakenda.

43 einstaklingur svaraði könnuninni og voru þeir frá öllum þeim sjö háskólum sem starfa á Íslandi. Flestir þátttakenda starfa við Háskóla Íslands, eða sextán talsins. Sjö þátttakendur starfa við Landbúnaðarháskóla Íslands, sex við Háskólann í Reykjavík og færri frá öðrum háskólum, líkt og kemur fram á mynd 1.



Mynd 1 Háskólastofnun sem svarendur starfa við

Hér á eftir fara þær spurningar sem lagðar voru fyrir í spurningakönnun, en þátttakendur svöruðu einungis þeim hlutum könnunarinnar sem áttu við í hverju tilviki fyrir sig, þ.e. þeir sem höfðu stundað tengdar rannsóknir svöruðu þeim hluta könnunarinnar, o.s.frv.

### **Samstarf við fræðasamfélagið á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu** **Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands: kortlagning á starfi**

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019-2023 kemur fram að virkja þurfi ólíka aðila til samstarfs, m.a. háskóla, til að settum markmiðum verði náð. Sérstaklega verði leitast við að virkja virðisaukandi sérþekkingu Íslands við úrlausn staðbundinna og alþjóðlegra verkefna.

Þessi könnun er hluti af mótandi úttekt á samstarfi utanríkisráðuneytisins við fræðasamfélagið og háskóla á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Leitað er eftir upplýsingum um þróunarsamvinnutengt starf, áhuga og hugmyndum um möguleg samstarfstækifæri. Markmiðið er að greina tækifæri til að hámarka samlegð, efla þekkingarmótun og nýsköpun í þágu þróunarsamvinnu með það fyrir augum að nýta krafta fræðasamfélagsins til að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Könnunin er mikilvægt tæki til gagnasöfnunar fyrir úttektina og það er dýrmætt fyrir okkur að fá innlegg frá þér og þínum háskóla. Gætt verður nafnleyndar við úrvinnslu en það tekur um 10 mínútur að svara könnuninni.

Takk fyrir þátttökuna.

#### **Stofnun og starf**

1. Hjá hvaða háskóla starfar þú?
2. Í hvað mörg ár hefur þú starfað innan háskóla?
3. Við hvaða deild, svið, rannsóknarstofnun eða skrifstofu starfar þú við innan þíns háskóla?
4. Starfar þú við námskeið og/eða námsbraut við íslenskan háskóla sem tengist þróunarlöndum eða þróunarsamvinnu?

#### **Námsbrautir og námskeið á Íslandi**

5. Hvert er heiti námskeiðs(a)/námsbrauta(r)?
6. Gefðu stutta lýsingu á námskeiði og/eða námsbraut og skýrðu hvernig hún tengist þróunarlöndum eða þróunarsamvinnu.
7. Hafa nemendur frá þróunarlöndum stundað nám við viðkomandi námsleið?
8. Ef já, hvernig telur þú reynsluna hafa verið af því að hafa nemendur frá þróunarlöndum?
9. Hafa nemendur frá þróunarlöndum notið styrkja til náms? (Ef já, um hvernig styrki var að ræða?)
10. Eru gerðar ráðstafanir til að laða að nemendur frá þróunarlöndum (t.d. boðið upp á kennslu á ensku, alþjóðlegar áherslur o.s.frv.)? Ef já, skýrðu nánar:
11. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi námskeið/nám á Íslandi?

**Námskeið fyrir nemendur sem staðsettir eru í þróunarlöndum**

12. Hefur þú starfað við eða haft aðkomu að námskeiðum fyrir nemendur sem eru staðsettir í þróunarlöndum?

**Námskeið og þjálfun í þróunarlöndum**

13. Hver var yfirskrift/heiti námskeiðs/þjálfunar?

14. Hvernig var námskeiði/þjálfun háttað?

- Hver var lengd námskeiðs/þjálfunar?
- Hve margir tóku þátt?
- Í hvaða landi/löndum var boðið upp á námskeið/þjálfun?
- Hverjir voru innlendir samstarfsaðllar, ef einhverjir?
- Var námskeið/þjálfun kennd í staðnámi, fjarnámi eða hvoru tveggja?
- Annað tengt námskeiðinu/þjálfuni nni sem þú vilt koma á framfæri

15. Annað almennt tengt námskeiðum og þjálfun í þróunarlöndum sem þú vilt koma á framfæri?

16. Ef þú hefur tengd skjöl sem þú vilt deila sem tengjast námskeiðum/þjálfun í þróunarlöndum (s.s. námskeiðslýsingu), vinsamlega settu í viðhengi

**Rannsóknir tengdar þróunarsamvinnu**

17. Hefur þú sinnt störfum við rannsóknir sem tengjast þróunarsamvinnu?

**Aðkoma að þróunarsamvinnutengdum rannsóknum**

18. Um hvaða rannsókn(ir) var að ræða?

19. Hefur þú notið styrkveitinga til rannsóknarverkefna sem tengjast þróunarsamvinnu? (Ef já, um hvers konar styrki var um að ræða og hvaða verkefni hlaut styrk?)

20. Hefur þú tekið þátt í rannsóknartengdu samstarfi við aðila í þróunarlöndum? (Ef já, vinsamlegast skýrið nánar)

21. Annað sem þú vilt taka fram varðandi rannsóknir sem tengjast þróunarsamvinnu?

**Ráðgjafastörf**

22. Hefur þú sinnt ráðgjafastörfum í þróunarsamvinnutengdum verkefnum eða rannsóknum?

23. Á hvaða sviðum hefur sú ráðgjafavinna verið og með hvaða sniði? (Tímarammi, sérfræðisvið, tengdist ráðgjöfin starfi alþjóðastofnunar, ef svo, þá hverri?)

24. Annað sem viðkemur ráðgjafastörfum í þróunarsamvinnu sem þú vilt koma á framfæri

**Ólíkar leiðir til samstarfs**

25. Telur þú að vinna eigi að aukinni aðkomu fræða- og háskólasamfélagsins að þróunarsamvinnu Íslands?

26. Hvernig má að þínu mati hvetja til aukinnar þátttöku fræða- og háskólasamfélagsins í þróunarsamvinnu?

27. Leggðu mat á vægi eftirfarandi þátta á sviði þróunarsamvinnu er varða rannsóknir og nám:

- Aðgangur nemenda að rannsóknarstyrkjum
- Aðgangur að vettvangsrannsóknum í þróunarlöndum
- Starfsfólk íslenskra háskóla starfi tímabundið við háskóla í þróunarlöndum
- Tækifæri íslenskra nemenda til starfsnáms
- Annað (vinsamlega tiltaktu)

28. Leggðu mat á vægi eftirfarandi þátta á sviði þróunarsamvinnu er varða samstarf háskóla:

- Samstarf við háskóla í þróunarlöndum
- Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum/málefnavarfi
- Samstarf um málstofur og ráðstefnur á Íslandi
- Hagnýtt og fræðilegt samstarf við alþjóðastofnanir
- Samstarf milli frjálsra félagasamtaka og háskóla á sviði þróunarsamvinnu
- Samstarf milli aðila atvinnulífsins og háskóla á sviði þróunarsamvinnu
- Aðkoma háskóla að nýsköpun og frumkvöðlastarfi í þróunarlöndum
- Hlutverk háskóla við að móta nýjar lausnir á sviði þróunarsamvinnu
- Annað (vinsamlega tiltaktu)

### Áhugi

29. Myndir þú hafa áhuga á að sinna ráðgjafastörfum í þróunarsamvinnutengdum verkefnum í nâinni framtíð?

30. Hefur þú ábendingar varðandi einstaklinga sem þú telur að gagnlegt væri fyrir úttektarteymi að ræða, s.s. annað starfsfólk innan þíns háskóla? Ef já, þá hverja?

31. Hefur þú áhuga á að ræða nânar þín sjónarmið og ábendingar við úttektarteymi? Ef svo er, vinsamlega leggðu fram nafn, símanúmer og tölvupóst.

32. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf fræðasamfélagsins og háskóla á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu?

Fyrir frekari upplýsingar og innlegg vinsamlega hafðu samband við úttektarteymið. Kærar þakkir fyrir þátttökuna.